

**543. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 9. september
2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Þóra Marý Arnórsdóttir formaður, Smári Karlsson aðalmaður, Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður og Daníel Jakobsson aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Heiða Jack, skipulagsfulltrúi.

Dagskrá:

1. Látrar Aðalvík - Óleyfisbygging og landrask 2020 - 2020080062

Lagður fram tölvupóstur frá Kristínu Ósk Jónasdóttur hjá Umhverfisstofnun dags. 28 ágúst 2020 vegna óleyfisframkvæmdar í landi Látra í Aðalvík.

Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram í samráði við bæjarlögmann.

2. Meltutankur á Þingeyri, umsókn um lóð - 2020030079

Umsókn Jóns Grétars Magnússonar, f.h. Arctic Protein ehf., um lóð við Hafnarstræti, hafnarsvæðinu á Þingeyri, undir meltubirgðatank sem er safnað úr laxeldiskvíum.

Til vara er sótt um á geymslusvæði við Sjávargötu 4. Bæði svæðin eru á hafnarsvæði í gildandi Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Fylgigögn eru umsókn í tölvupósti dags 6. apríl 2020 og skýringaruppdrættir dags. 5. apríl 2020.

Málinu var vísað til hafnarstjórnar sem tók það fyrir á 211. fundi sínum þann 27. apríl sl.

Bókun hafnarstjórnar:

Umræður fóru fram um þriðja valkost staðsetningar sem er á uppfyllingu norðan löndunarkants.

Hafnarstjórn vísar umsókninni aftur til skipulags- og mannvirkjanefndar og íbúasamtakanna Átaks á Þingeyri til umsagnar.

Erindi frestað.

3. Tjarnarreitur Þingeyri - 2019060041

Lagt fram til kynningar deiliskipulag fyrir Tjarnarreit á Þingeyri, unnið af Verkís 2020.

Fylgigögn eru:

Deiliskipulagsuppráttur, dags. 9. júní 2020.
Geinargerð deiliskipulags, dags. 9. júní 2020.
Deiliskipulag lagt fram til kynningar.

4. Sundstræti göngustígur - Skipulag - 2019080029

Lagt fram til kynningar breytingartillaga Verkís á svæði við sjóvarnargarðinn Sundstræti. Lagt er til að breyta skipulagi þannig að í stað stofnbrautar komi göngustígur.
Fylgiskjöl eru
Skipulagsuppráttur Verkís, dags. 04. 09. 2020.
Samþykkt bæjarstjórnar á breytingunni, dags. 25. 09. 2019
Tillaga lögð fram til kynningar.

5. Deiliskipulag í Dagverðardal - 2008060063

Lagt er fram minnisblað Erlu B. Kristjánsdóttur hjá Verkís, dags. 13.11.2019 um breytingar á deiliskipulagi Dagverðardals sem felld var úr gildi vegna formsgalla 2012.
Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila skipulagsvinnu.

6. Hafnarbakki 8, endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2020080024

West Seafood ehf. sækir um gerð lóðarleigusamnings undir fasteignirnar við Hafnarbakka 8, Flateyri. Fylgiskjöl er undirrituð umsókn dags. 4. ágúst sl. og mæliblað tæknideildar frá 1. september sl.
Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings við Hafnarbakka 8.

7. Grundarstígur 16, Flateyri. Umsókn um lóðarleigusamning - 2020080004

Orkubú Vestfjarða ohf. sækir um endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir fasteignina að Grundarstíg 16, Flateyri. Fylgiskjöl eru tölvupóstur frá 4. ágúst sl. og mæliblað Tæknideildar frá 1. september 2020.
Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings við Grundarstíg 16, Flateyri.

8. Grundarstígur 22, Flateyri. Umsókn um lóðarleigusamning - 2020080035

Bryndís Sigurðardóttir sækir um endurnýjun á lóðarleigusamning fyrir fasteignina að Grundarstíg 22, Flateyri. Fylgigögn eru undirrituð umsókn dags. 20.08.2020 og mæliblað Tæknideildar dags. 4.09.2020.
Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings við Grundarstíg 22.

9. Sætún 9, umsókn um lóðarleigusamning - 2020080055

Agnes Kristín Aspelund sækir um gerð lóðarleigusamnings fyrir fasteignina við Sætún 9, Ísafirði. Fylgiskjöl eru undirrituð umsókn frá 27. ágúst s.l. og mæliblað Tæknideildar frá 7. september s.l.
Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings við Sætún 9.

10. Sætún 5, Ísafirði. Umsókn um lóðarleigusamning - 2020090016

Sigrún Stefánsdóttir sækir um gerð lóðarleigusamnings fyrir fasteignina við Sætún 5, Ísafirði. Fylgiskjöl eru undirrituð umsókn frá 1. september sl. og mæliblað Tæknideildar frá 7. september sl.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings við Sætún 5, Ísafirði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45

Anton Helgi Guðjónsson

Þóra Marý Arnórsdóttir

Smári Karlsson

Lína Björg Tryggvadóttir

Daníel Jakobsson

Axel Rodriguez Överby